

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 10. nóvember 2021

Mál nr. E-4068/2020:

A

(Steingrímur Þormóðsson lögmaður)

gegn

X og Vátryggingafélagi Íslands hf. til réttargæslu

(Ólafur Lúther Einarsson lögmaður)

Dómur

- Mál þetta, sem tekið var til dóms 14. október 2021, höfðaði A, [...], með stefnu birtri 9. júní 2020, gegn X, [...], og Vátryggingafélagi Íslands, [...], til réttargæslu, til viðurkenningar á skaðabótaskyldu.
- Stefnandi krefst þess, að viðurkennd verði skaðabótaskylda hins stefnda félags, vegna þess líkamstjóns sem stefnandi varð fyrir í vinnuslysi, þann 7. febrúar 2019. Þá er gerð krafa um málskostnað að skaðlausu, eins og mál þetta væri eigi gjafsóknarmál.
- Stefndi krefst þess að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Auk þess gerir hann kröfu um málskostnað úr hendi stefnanda.
- Af hálfu réttargæslustefnda eru ekki gerðar sjálfstæðar dómkröfur enda engar kröfur gerðar á hendur félaginu.

Málsatvik

- Stefnandi varð fyrir slysi þann 7. febrúar 2019, er hann gekk á burðarsúlu, sem staðsett var í afgreiðslurými í verslun stefnda við Guðríðarstíg 6-8 í Reykjavík. Umrædd súla er frístandandi þannig að hægt er að ganga umhverfis hana og fram hjá henni úr öllum áttum.
- Ágreiningur er um hvernig slys stefnanda bar að, en tvö vitni urðu að því, annars vegar B [...], sem kominn var í verslunina sem viðskiptavinur til að skoða vinnuföt,

- og hins vegar C, starfsmaður stefnda. Bæði komu þau fyrir dóm við aðalmeðferð málsins og gáfu þar skýrslu sína um slysið og aðdraganda þess.
- 7 Vitnin eru sammála um að stefnandi hafi komið ofan af annarri hæð og niður stiga á bak við afgreiðsluborð í verslun stefnda, í þeim tilgangi að sinna vitninu B sem viðskiptavini. B segir að stefnandi hafi gengið á bak við afgreiðsluborðið og að fatarekka, sem stóð við hinn enda afgreiðsluborðsins. C segir hins vegar að stefnandi hafi valhoppað á bak við afgreiðsluborðið. Bæði vitnin eru síðan sammála um að stefnandi hafi snúið sér við og gengið beint á umrædda súlu og að við það hafi heyrst hávær skellur. Vitnið B segir að það hafi gerst eftir að einhver hafi kallað til stefnanda og kastað kveðju á hann.
 - 8 Samkvæmt stefnanda sá hann ekki umrædda súlu, þar sem súluna hafi borið í veggenda beint á móti, sem hafi verið í sama lit og súlan. Þá hafi verið dimmt þegar slysið varð. Hafi lítil sem engin birta borist inn um glugga á framhlið hússins og hálfgerð rökkur verið innandyra.
 - 9 Stefnandi varð fyrir alvarlegum höfuðáverka í slysinu, [...]. Hefur líkamstjón stefnanda verið metið til [...] og hefur hann verið óvinnufær frá slysinu vegna þess. Réttargæslustefndi mun hafa viðurkennt bótaskyldu félagsins, samkvæmt skilmálum launþegatryggingar sem stefndi var með hjá réttargæslustefnda, og greitt stefnanda bætur á grundvelli matsgerðar sem stefnandi aflaði um líkamstjón sitt. Ágreiningur er hins vegar um ætlaða skaðabótaskyldu stefnda og rétt stefnanda til bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu hans hjá réttargæslustefnda
 - 10 Umrætt slys var hvorki tilkynnt til lögreglu né Vinnueftirlits ríkisins. Stefnandi tilkynnti réttargæslustefnda um slysið þann 4. apríl 2019. Slysið var tilkynnt til Sjúkratrygginga Íslands þann 2. júní 2019, en stefnandi segir að það hafi verið gert að sínu frumkvæði. Sú tilkynning er undirrituð af stefnanda. Hann hefur eigi að síður gert athugasemdir við lýsingu á slysinu í tilkynningunni. Gerir stefnandi helst athugasemdir við að í tilkynningunni er sagt að hann hafi valhoppað fyrir aftan afgreiðsluborðið í verslunarrými stefnda, sem stefnandi segir að sé ekki rétt. Hið rétta sé að hann hafi gengið aftur fyrir og fram hjá afgreiðsluborðinu, að fatarekka sem þar var, en síðan snúið sér við og gengið beint á súluna.
 - 11 Stefndi vísar á móti til þess að stefnandi hafi fyrst leitað til læknis 19 dögum eftir óhappið. Engar samtímaheimildir séu til staðar, sem varpað geti skýrara ljósi á málavexti, en fram komi í tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands. Telur stefndi að

undirritun stefnanda við þá málavaxtalýsingu hafi mikið vægi og feli í sér að hann hafi samþykkt hana. Stefnandi geti ekki breytt málavaxtalýsingu eftir á, þannig að henti betur hans hagsmunum.

- 12 Meðal gagna málsins eru allmörg gögn frá árinu 2019, þ.m.t. læknisvottorð ýmissa lækna, sjúkraskrá stefnanda hjá heilsugæslu Salahverfis og göngudeildarnóta frá endurhæfingarlækningum Landspítalans. Þessi gögn bera með sér að stefnandi hafi greint svo frá við lækna, á árinu 2019, að hann hafi ýmist „gengið“, „gengið hratt“ eða „gengið rösklega“ og rekið höfuð sitt í súlu, eins og nánar verður vikið að í niðurstöðukafla dómsins.
- 13 Með bréfi, dags. 8. ágúst 2019, krafði stefnandi réttargæslustefnda um, að félagið viðurkenndi skaðabótaskyldu sína úr frjálsri ábyrgðartryggingu stefnda hjá félaginu.
- 14 Stefnandi vísaði kröfu sinni til úrskurðarnefndar í váttryggingamálum með kæru þann 11. september 2019. Þann 22. október 2019 hafnaði úrskurðarnefndin því að um bótaskyld atvik væri að ræða samkvæmt ábyrgðartryggingu stefnda hjá réttargæslustefnda.
- 15 Stefnandi telur sig þar af leiðandi knúinn til að höfða mál þetta til viðurkenningar á skaðabótaskyldu stefnda vegna líkamstjóns stefnanda, og þar með rétti til bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu stefnda hjá réttargæslustefnda.

Helstu málsástæður stefnanda

- 16 Stefnandi byggir mál sitt á því að hann hafi ekki getað séð umrædda súlu við þær aðstæður sem voru á vinnustað hans er hann slasaðist. Hafi staðsetning súlunnar, í því umhverfi sem súlan var, skapað þá hættu, að erfitt hafi verið að sjá hana á þeirri umferðarleið sem stefnandi var við vinnu sína, er hann slasaðist.
- 17 Stefnandi byggir á, að stefndi hafi brotið gegn ákvæðum reglugerðar um húsnæði vinnustaða nr. 581/1995, þar sem húsnæðið hafi ekki verið í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar, þ.m.t. 1. mgr. og 2. málslíð 2. mgr. 3. gr., 7. gr., 8. gr. og 39. gr. Reglugerðin eigi stoð í 42. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, en markmið þeirra laga sé að tryggja öryggi og forðast líkamstjón starfsmanna atvinnurekanda, sbr. einkum 13. gr., 1. mgr. 17. gr. og 1. mgr. 42. gr. laganna.
- 18 Stefnandi byggir á því, að staðsetning súlunnar hafi verið hættuleg gangandi umferð í rýminu, þar sem súlan hafi ekki verið gerð nægilega sýnileg, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 81/2004. Öryggi starfsmanna hafi því ekki verið tryggt, sbr. 3. gr.

reglugerðar nr. 581/1995. Ástand súlunnar hafi einnig brotið gegn 3. mgr. 7. gr. téðrar reglugerðar. Vinnuveitanda beri að koma í veg fyrir hættu, með því að koma fyrir fullnægjandi merkingum, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 95/1959 frá 9. nóvember 1959. Ef hætta myndast við það, að erfitt sé að sjá eða gera sér grein fyrir hindrun á leið starfsmanna um vinnustaðinn, beri atvinnurekanda að grípa til viðeigandi ráðstafana, svo komið sé í veg fyrir slys og fyllsta öryggis sé gætt. Vísar stefnandi einnig til 3. mgr. 7. greinar reglugerðarinnar með lögjöfnun og að þetta ákvæði nái einnig yfir slíka hindrun, sem súlan hafi verið.

- 19 Stefnandi byggir einnig á að aðstaðan á vinnustað hans vegna staðsetningar og aðkomu að súlunni hafi einnig brotið gegn 4. og 5. lið 39. gr. reglugerðar nr. 581/1995. Byggir stefnandi á, að umrædd burðarsúla hafi verið staðsett í miðju afgreiðslurými fyrirtækisins, þar sem búast hafi mátt við mikilli umferð, bæði viðskiptavina og starfsmanna. Lýsing í afgreiðslurýminu hafi verið takmörkuð og þungbúið úti. Þá hafi grámáluð súlan fallið vel að grámáluðum veggjum húsnæðisins, og því gert stefnanda erfitt um vik að sjá súluna. Telur stefnandi, að samspil framangreindra þátta hafi orðið til þess, að veruleg hætta hafi skapast í umrætt sinn. Hafi hin gráa og mjóa súla ekki sést nægilega vel við þær aðstæður og þau skilyrði, sem voru til staðar er stefnandi slasaðist, en stefnandi segir að súluna hafi borið í veggenda beint á móti og hún því verið ósýnileg.
- 20 Telur stefnandi, að ekki hafi þurft kostnaðarsamar aðgerðir af hálfu stefnda til að koma í veg fyrir eða draga verulega úr þeirri slyshættu sem hafi verið til staðar. Í þessu sambandi nefnir stefnandi aðgerðir, eins og aukna lýsingu, uppsetningu skilrúms og merkingar. Auk þess hefði verið einfalt að mála súluna í öðrum lit, til að tryggja öryggi á umferðarleiðum, eins og gert sé varðandi súlur í bílakjöllurum og annars staðar. Því sé ljóst að ekki sé um óhappatilvik að ræða.
- 21 Stefnandi bendir einnig á, að stefndi hafi framkvæmt ákveðnar úrbætur á aðbúnaði á vinnustað hans í kjölfar slyssins, með því að koma fyrir kerru/hillum þeim megin við burðarsúluna sem snýr að gluggum rýmisins. Hafi umræddar breytingar í för með sér, að aðeins sé mögulegt að ganga öðrum megin við súluna. Líti stefnandi svo á, að með framangreindum úrbótum hafi stefndi viðurkennt að úrbóta væri þörf og lagfært vinnuaðstöðuna.

- 22 Stefnandi byggir á, að framangreindur vanbúnaður hafi brotið í bága við ákvæði þágildandi byggingarreglugerðar nr. 441/1998, sbr. grein 199.1, en samkvæmt upplýsingum, sem stefnandi hafi aflað sér, sé umrætt húsnæði byggt árið 2003.
- 23 Með vísan til þess vanbúnaðar, sem rakinn hefur verið hér að ofan, byggir stefnandi á, að stefndi hafi vanrækt skyldur sínar, sem umráðamaður/eigandi fasteignar, til að tryggja öruggar og greiðfærar umferðarleiðir innan fasteignar fyrirtækisins. Beri því að viðurkenna bótaábyrgð stefnda, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 536/2012.
- 24 Stefnandi kveður óumdeilt, að hann hafi orðið fyrir slysi í vinnu sinni og þá hafi ekki verið hnekkkt lýsingu stefnanda af slysi hans, enda fái hún stoð í framburði vitnisins B. Í þessu sambandi bendir stefnandi á, að framburður hans hafi verið staðfastur allt frá upphafi og að öllu leyti í samræmi við fyrirliggjandi læknisfræðileg gögn, sem staðfesti að stefnandi hafi hlotið alvarlegan höfuðáverka og hálstögnun, er hann hafi viðstöðulaust gengið á mjóa burðarsúluna, sem staðsett hafi verið í miðju afgreiðslurými fyrirtækisins.
- 25 Í þessu sambandi byggir stefnandi á, að slysið hafi ekki verið tilkynnt í samræmi við ákvæði 79. greinar vinnuverndarlaganna til Vinnueftirlits ríkisins og því ekki rannsakað, sem leiði til þess, að stefndi beri alla sönnunarbyrði í málinu og eigi einnig að leiða til þess að telja verði frásögn stefnanda af slysinu rétta um aðstæður á vinnustað stefnanda, er slysið varð.
- 26 Stefnandi byggir á því, að bótaréttur hans verði ekki skertur, nemi sýnt sé fram á að stefnandi hafi verið meðvaldur að tjóni sínu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi, sbr. 1. mgr. 23. greinar a í skaðabótalögum. Mótmælir stefnandi því alfarið að jafna megi hegðun hans til stórkostlegs gáleysi í umrætt sinn. Af atvikum megi ráða, að ef fallist er á að háttsemi stefnanda sé gáleysisleg, sé aðeins um óverulegt gáleysi að ræða.
- 27 Þá byggir stefnandi einnig á, að verði talið að slysið sé að einhverju leyti að rekja til óaðgæslu stefnanda sjálfs, þá beri að líta alfarið fram hjá meðábyrgð stefnanda, þar sem skilyrði 2. mgr. 24. greinar skaðabótalaga nr. 50/1993 séu fyrir hendi. Byggir stefnandi í þessu efni á því, að afleiðingar slyssins hafi verið mjög alvarlegar og reynst stefnanda sérlega þungbærar, eins og fyrirliggjandi heilsufarsgögn sýni glögg. Hafi stefnandi hlotið [...] sem háí honum verulega í leik og starfi. Stefnandi hafi verið óvinnufær frá því að afleiðingar slyssins komu í ljós.
- 28 Stefnandi segir að hann hafi aðeins fengið tjón sitt bætt að hluta úr kjarasamningsbundinni slysatryggingu stefnda hjá réttargæslustefnda. Hafi slysið haft í för með sér

verulega skerðingu á aflahæfi stefnanda, en ljóst sé að stefnandi muni aðeins að litlu leyti geta sinnt launuðum störfum í framtíðinni. Hafi stefnandi afar ríka hagsmuni af því að fá tjón sitt að fullu bætt. Stefnandi kveðst vera [...].

- 29 Stefnandi byggir á því, að með brotum vinnuveitanda hans á 42. gr. laga nr. 46/1980, sbr. ákvæði 3. gr. reglugerðar nr. 581/1995 um húsnæði vinnustaða, sbr. einnig ákvæði 3. liðar 7. gr., 8. gr. og 4. og 5. liðar 39. gr. reglugerðarinnar, liggja sök vinnuveitanda stefnanda hlutlægt fyrir.
- 30 Þar að auki sé mikilvægt að þær skyldur, sem lög leggi á starfsmenn, megi ekki vera það þungbærar, að þær geri að engu skyldur vinnuveitanda (atvinnurekanda) samkvæmt lögum, reglugerðum og þeim tilskipunum EBE, sem íslenska ríkið hefur innleitt í gegnum EES samninginn. Reglurnar um að vinnuveitandi tryggi öryggi á vinnustað nái einfaldlega ekki tilgangi sínum og markmiðum á skilvirkan hátt, ef ekki er jafnframt fallist á bótaábyrgð atvinnurekanda, ef út af bregður. Fáí þessi rökstuðningur stoð í 3. mgr. 5. gr. tilskipunar 89/391/EBE, sem og dómi EFTA-dómstólsins í máli nr. E-2/2010, þar sem segi að skyldur starfsmanns á sviði öryggis og hollustu við vinnu sína, skuli ekki hafa áhrif á meginregluna um ábyrgð atvinnurekanda.
- 31 Um heimild stefnanda til að krefjast viðurkenningar á skaðabótaskyldu hins stefnda félags vísar stefnandi til 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Óumdeilt sé að stefnandi hafi fengið gífurlegt högg á höfuðið, sem hafi haft í för með sér varanlegar afleiðingar, líkamlegar og andlegar, fyrir stefnanda. Þá staðfesti fyrirbyggjandi matsgerð og önnur heilsufarsgögn, að orsakatengsl séu milli slyss stefnanda og þeirra einkenna sem stefnandi glími við í dag. Eigi stefnandi því lögvarða hagsmuni af því að fá skorið úr skaðabótaskyldu hins stefnda félags.

Helstu málsástæður stefnda og réttargæslustefnda

- 32 Stefndi byggir mál sitt á því að engin sérsjónarmið eigi að gilda í málinu, en krafa stefnanda sé byggð á sakarreglu skaðabótaréttarins. Stefnanda beri sem tjónpola að sanna og sýna fram á að öll skilyrði reglunnar séu uppfyllt. Stefnanda beri þannig að sanna að hann hafi orðið fyrir tjóni, sem valdið hafi verið með saknæmum og ólögumætum hætti, af hálfu stefnda eða starfsmanna hans. Þá beri stefnandi sönnunarbyrði um að orsakasamband sé á milli meintrar sakar stefnda og líkamstjóns stefnanda.

- 33 Stefndi segir að ekki sé ágreiningur um að stefnandi hafi rekið höfuð sitt í súlu í móttökusal stefnda. Aftur á móti sé ágreiningur um hvernig það óhapp hafi viljað til og að stefndi beri skaðabótaábyrgð á því líkamstjóni sem stefnandi virðist hafa hlotið við óhappið.
- 34 Stefndi mótmælir því sérstaklega að meintur skortur á tilkynningu til Vinnueftirlits hafi áhrif á sönnunarbyrði stefnanda. Stefnandi hafi ekki orðið óvinnufær þann dag sem slysið varð heldur klárað vinnudag sinn. Þá hafi ekkert gefið til kynna að stefnandi hefði orðið fyrir langvinnu eða varanlegu heilsutjóni. Stefnandi hafi mætt til vinnu daginn eftir og næstu virka daga þar á eftir. Það hafi ekki verið fyrr en þann 15. febrúar 2019, tveimur dögum eftir að stefnanda hafi verið sagt upp störfum, sem hann hafi tilkynnt um veikindi, en engin skýring hafi verið gefin á þeim veikindum. Hann hafi hringt inn til stefnda, sagst vera veikur og að hann myndi vinna að heiman.
- 35 Stefndi byggir á því að engin skylda hafi hvílt á honum að hlutast til um að tilkynna lögreglu eða Vinnueftirlitinu, sbr. 1. og 2. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Stefndi telur það alfarið ósannað að tilkynningarskyldan hafi myndast, enda liggi fyrir að stefnandi hafi ekki orðið óvinnufær þann dag er óhappið varð eða næstu daga á eftir.
- 36 Stefndi telur ósannað að hann beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni stefnanda vegna óhappsins þann 7. febrúar 2019. Skiptir þá engu máli hvaða málavaxtalýsing er lögð til grundvallar í málinu.
- 37 Í fyrsta lagi sé því hafnað að súlan sem slík sé hættuleg. Um sé að ræða hefðbundna burðarsúlu, sem sé 17,5 cm í þvermál og 53,3 cm í ummál. Súlan standi, ásamt annarri burðarsúlu í móttökurými stefnda og gegni m.a. því hlutverki að halda uppi gólfi næstu hæðar fyrir ofan, sem nái ekki út í enda hússins að framanverðu. Sú hlið hússins samanstandi nánast einungis af gluggum. Alla jafna megi gera ráð fyrir burðarsúlum í húsnæði vinnustaða, eins og sjá megi víða á Íslandi. Skapi þær ekki slyshættu þegar um sé að ræða hefðbundna starfsemi í móttöku- eða afgreiðslurými.
- 38 Í öðru lagi er því hafnað af hálfu stefnda, að staðsetning súlunnar hafi skapað hættu fyrir viðskiptavinum og starfsmenn. Húsið sé hannað og teiknað af Glámu Kím arkitektum og sjá megi á teikningum, að gert sé ráð fyrir móttöku á fyrstu hæð hússins, eins og ávallt hafi verið og sé enn í dag. Eins og sjá megi á myndum af móttökunni sé meira en nægt rými fyrir viðskiptavinum og starfsfólki til að fara fram

- hjá súlunni. Umferðarleið fram hjá súlunni hafi því verið greið og hættulaus, sbr. 2. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 39. gr. reglna um húsnæði vinnustaða nr. 581/1995.
- 39 Þá hafnar stefndi því einnig að húsnæðið brjóti í bága við byggingarreglugerð, hvort sem um sé að ræða þágildandi reglugerð nr. 441/1998 eða núgildandi reglugerð nr. 112/2012. Ekki hafi verið sýnt fram á að húsnæði stefnda brjóti í bága við lög og reglur. Auk þess telur stefndi staðsetningu súlunnar ekki vera á ábyrgð hans heldur fasteignareigandans, sem ekki sé stefnt í málinu, en stefndi sé leigutaki að húsinu.
- 40 Í þriðja lagi hafnar stefndi því að á honum hafi hvílt skylda til að setja merkingar á súluna, sbr. reglur nr. 707/1995 um öryggis- og heilbrigðismerki á vinnustöðum. Engin lagaskylda hvíli á honum að merkja burðarsúlur sérstaklega, ekki heldur þá burðarsúlu sem stefnandi hafi rekist á. Engin sérstök hættu stafi af súlunni eða staðsetningu hennar miðað við þá starfsemi sem fram fari í móttökusalnum. Það hafi því ekki verið nein skylda að setja upp öryggis- eða heilbrigðismerki samkvæmt fyrrgreindum reglum.
- 41 Ekki sé hægt að jafna saman skyldum vinnuveitenda til að merkja gagnsæja vegg, skilveggi eða hurðir við að merkja ógagnsæja burðarsúlu, sbr. 3. mgr. 7. gr. og 2. mgr. 44. gr. reglna nr. 581/1995. Engin sérstök þörf hafi heldur verið á því að merkja súluna. Hún hafi sést vel og sé ekki hættuleg í eðli sínu. Hafa verði í huga þá eðlilegu aðgæsluskyldu sem hvíli á einstaklingum, starfsmönnum og viðskiptavinum, að fylgjast með því sem framundan sé á gönguleið þeirra, hvort sem það sé utan- eða innandyra.
- 42 Í fjórða lagi sé því hafnað, að lýsingin í móttökusalnum hafi ekki verið fullnægjandi. Mikil birta stafi frá stórum gluggum á framhlið hússins og raflýsing innandyra sé góð, sbr. 8. gr. reglna nr. 581/1995. Til þess að súlan eða annað í móttökusalnum sæist illa þyrfti að hafa verið nánast kolniðamyrkur, en svo hafi ekki verið þegar óhappið varð. Yfir daginn sé ávallt full lýsing í salnum.
- 43 Í fimmta lagi sé því hafnað að stefndi hafi gert breytingar á móttökusalnum í tengslum við óhapp stefnanda. Ef einhverjar breytingar hafi verið gerðar, þá hafi þær ekki verið í tengslum við óhapp stefnanda, heldur af öðrum ástæðum, s.s. vegna framsetningar og sýnileika vara í boði hjá stefnda.
- 44 Þrátt fyrir að stefnanda tækist að sýna fram á brot á reglum nr. 581/1995 þá séu orsakatengsl milli þeirra og atviksins ósönnuð. Orsök óhappsins sé miklu fremur sú staðreynd, að rétt áður en stefnandi hafi komið að súlunni, valhoppandi, hafi hann

snúið sér í hring, misst sjónar af súlunni og umferðarleið sinni, og skollið á súlunni. Stefnandi hefði aldrei lent í þessu óhappi hefði hann gengið á venjulegum gönguhraða og horft fram fyrir sig. Eina orsök óhappsins sé því á ábyrgð stefnanda sjálfs.

- 45 Stefndi vísar til þess að stefnandi hafi starfað hjá stefnda í um eitt ár fyrir slysið. Í hvert sinn sem hann mætti til vinnu hafi hann farið inn um aðaldyrnar og labbað milli umræddrar súlu og veggs á leið upp á aðra hæð hússins. Auk þess hafi hann farið margsinnis á hverjum degi niður í móttökurýmið til að hitta viðskiptavinum. Hann hafi því haft fulla vitneskju um súluna og staðsetningu hennar.
- 46 Stefndi telur að hér hafi augljóslega verið um að ræða hreint óhappatilvik, sem engum verði gert að bera skaðabótaábyrgð á að lögum, eða atvik sem sé eingöngu að rekja til aðgæsluleysis stefnanda sjálfs. Í hvorugu tilvikinu sé um að ræða skaðabótaárbyrgð stefnda þar sem atvikið sé ekki að rekja til saknæmrar háttsemi hans eða starfsmanna hans.
- 47 Ef svo ólíklega vilji til að komist verði að því að stefndi beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni stefnanda vegna óhappsins, verði hann að mati stefnda að bera hluta tjónsins sjálfur á grundvelli meðábyrgðar. Ef súlan og staðsetning hennar í móttökusalnum verður talin jafn hættuleg og stefnandi haldi fram, eða að lýsing hafi verið það ófullnægjandi að súlan sást illa, þá verði sú háttsemi stefnanda að snúa sér í hring rétt fyrir framan súluna að teljast til stórkostlegs gáleysis.
- 48 Ef komist verður að þeirri niðurstöðu að stefnandi hafi viðhaft háttsemi sem telja verði til stórkostlegs gáleysis þá beri að skerða rétt hans til skaðabóta, sbr. 23. gr. a í skaðabótalögum nr. 50/1993.
- 49 Stefndi hafnar því að skilyrði 2. mgr. 24. gr. skaðabótalaga séu uppfyllt þannig að heimilt sé að líta fram hjá því að stefnandi hafi verið meðvaldur að sínu tjóni. Um sé að ræða undantekningarreglu sem beri að skýra með þröngri lögskýringu. Hafi stefnandi ekki lagt fram nein gögn sem sýni fram á að skilyrði ákvæðisins séu uppfyllt.
- 50 Stefndi mótmælir kröfu stefnanda um málskostnað. Um kröfu stefnda um málskostnað er vísað til 130. gr. laga 91/1991, sbr. 129. gr. sömu laga.

Niðurstaða

- 51 Í máli þessu er deilt um hvort skaðabótaábyrgð hafi stofnast vegna slyss, sem stefnandi varð fyrir þann 7. febrúar 2019, í verslunarrými í húsakynnum stefnda við

Guðríðarstíg í Reykjavík. Stefnandi var á þeim tíma starfsmaður stefnda, en var sagt upp störfum nokkrum dögum síðar eða þann 13. sama mánaðar. Upplýst er að umrætt húsnæði er ekki eign stefnda, heldur er hann leigutaki að húsnæðinu. Hefur stefndi haft starfsemi í húsnæðinu frá 2003. Honum er hins vegar einum stefnt, ásamt réttargæslustefnda, en stefndi hafði frjálsa ábyrgðartryggingu hjá réttargæslustefnda. Eiganda fasteignarinnar er ekki stefnt, en aðila greinir meðal annars á um hvort það skuli hafa þýðingu við úrlausn málsins.

Vanræksla á að tilkynna slysið til Vinnueftirlits ríkisins

- 52 Stefnandi byggir mál sitt á því að sú staðreynd að stefndi hafi ekki tilkynnt slys hans til lögreglu eða Vinnueftirlits ríkisins, sbr. 79. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, eigi að leiða til þess að stefndi beri alla sönnunarbyrði í málinu. Stefnandi byggir á móti á því að engin skylda hafi hvílt á honum að hlutast til um að tilkynna slysið til lögreglu eða Vinnueftirlits, sbr. nefnda grein.
- 53 Þegar það er virt að stefnandi leitaði fyrst til læknis 19 dögum eftir umrætt slys og hélt störfum sínum áfram fyrst eftir slysið, þá verður ekki á það fallist með stefnanda að stefndi eigi að bera halla af því að hafa ekki tilkynnt slysið til Vinnueftirlits ríkisins innan þeirra tímamarka sem greinir í 1. eða 2. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980. Á þeim tíma var óljóst hversu alvarlegar afleiðingar slyssins voru fyrir stefnanda og ekkert sem bendir til að stefndi hafi á þeim tíma mátt gera sér grein fyrir alvarlegum afleiðingum slyssins.
- 54 Þá verður ekki séð að skortur á því að tilkynna slysið til Vinnueftirlits ríkisins eða lögreglu hafi haft í för með sér réttarspjöll fyrir stefnanda, þannig að sönnunargögn hafi glatast eða sönnunarstaða hans veikst. Verður því ekki séð að það hafi haft raunverulega þýðingu fyrir málið, þótt umrætt slys hafi ekki verið tilkynnt Vinnueftirliti ríkisins eða lögreglu, sbr. áðurgreind ákvæði laga nr. 46/1980.

Aðdragandi slyssins

- 55 Aðilar deila meðal annars um málavexti, þ.m.t. hvernig slys stefnanda hafi borið að. Óumdeilt er að stefnandi kom niður stiga að baki afgreiðsluborðs í verslun stefnda í aðdraganda slyssins. Vinnuaðstaða stefnanda var á efri hæð húsnæðisins, en ástæða þess að stefnandi kom niður var sú að vitnið C, samstarfsmaður stefnanda, hafði látið hann vita af því að vitnið B, viðskiptavinur stefnda, væri kominn til að skoða

- vinnufatnað, en stefnandi vann meðal annars við að þjónusta vinnuveitanda B og starfsmenn hans við kaup á vinnufatnaði.
- 56 Ágreiningur er um það á milli aðila hvort stefnandi hafi komið skokkandi niður stiga, valhoppað á bak við afgreiðsluborð í verslun stefnda, snúið sér við og lent á umræddri súlu, eða hvort hann hafi gengið niður stigann og á bak við afgreiðsluborðið með hefðbundnum hætti, eftir atvikum hratt, snúið sér við og lent á súlunni.
- 57 Stefndi vísar í því samhengi til tilkynningar um slysið til Sjúkratrygginga Íslands, dags. 2. júní 2019, svo og til framburðar vitnisins C hér fyrir dómi. Þá er sérstaklega til þess vísað að stefnandi hafi sjálfur undirritað umrædda tilkynningu og þar með staðfest efnisinnhald hennar. Í tilkynningunni kemur fram að stefnandi hafi „skv. vitni“ komið skokkandi niður af efri hæð fyrirtækisins og valhoppað bak við skrifborðið í móttökunni og tekið þannig á móti vitninu B.
- 58 Vitnið C gaf skýrslu við aðalmeðferð málsins og staðfesti þar framangreinda lýsingu. Stefnandi hefur á móti sagt að hún sé röng. Hann hafi komið gangandi niður stigann, haldið göngu sinni áfram á bak við borðið, snúið sér við og gengið á súluna.
- 59 Framburður vitnisins B hér fyrir dómi staðfestir framangreinda frásögn stefnanda. B greindi meðal annars frá því að vitnið C hefði kallað á sölumann, stefnanda, sem hafi komið niður stigann, kynnt sig og borið sig faglega. Stefnandi hafi ekki verið með neina stæla. Þá kannaðist vitnið ekki við að stefnandi hafi verið valhoppandi í greint sinn. Stefnandi hafi snúið sér snögglega við, er einhver hafi kastað kveðju á hann, tekið eitt skref og lent á súlunni. Um mikið högg hafi verið að ræða. Skýjað hafi verið úti og drungalegt og birtuskilyrði því ekki með besta móti er slysið varð.
- 60 Stefnandi hefur gefið þá skýringu á ofangreindri lýsingu í tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands, að hún hafi verið samin einhliða af stefnda, en ekki af stefnanda sjálfum. Hann hafi hins vegar ekki átt annarra kosta vól en að undirrita hana, sem hafi verið honum mikilvægt á þeim tíma, svo hann fengi þá þjónustu sem hann þurfti á að halda. Umrætt slys hafi hins vegar borið að með þeim hætti sem stefnandi og vitnið B báru um fyrir dómi.
- 61 Meta verður framburður vitnisins C í ljósi þess að hún var og er enn starfsmaður stefnda, sbr. 1. mgr. 59. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Þá bendir orðalag tilkynningarinnar til Sjúkratrygginga Íslands til þess, að hvorki stefnandi né vitnið C hafi samið þá lýsingu á slysinu, sem tilkynningin hafi að geyma, heldur þriðji aðili, jafnvel þótt stefnandi undirriti tilkynninguna. Efni tilkynningarinnar sjálfrar

stýður samkvæmt því framburð stefnanda um það hvernig til þess kom að tilkynningin var útbúin.

- 62 Lýsing slyssins í nefndri tilkynningu byggir samkvæmt efni sínu á lýsingu vitnisins C. Ætla verður að gönguleið stefnanda á bak við afgreiðsluborðið í greint sinn hafi ekki aðeins legið á bak við borðið heldur einnig á bak við vitnið C, sem sat aftan við afgreiðsluborðið og gæti allt eins hafa snúið baki í stefnanda, er hann gekk fram hjá afgreiðsluborðinu til að hitta vitnið B. Þykir þetta einnig draga úr þýðingu framburðar vitnisins C að þessu leyti og þar með lýsingu slyssins í tilkynningu til Sjúkratryggingar Íslands.
- 63 Meðal gagna málsins eru allmörg gögn frá árinu 2019, þ.m.t. læknisvottorð, sjúkraskrá stefnanda og göngudeildarnóta, sem bera með sér að stefnandi hafi greint svo frá við lækna, þegar á árinu 2019, að hann hafi ýmist „gengið“, „gengið hratt“ eða „gengið rösklega“ og rekið höfuð sitt í súlu, eins og áður var sagt. Þannig er bókað í sjúkraskrá stefnanda hjá heilsugæslu Salahverfis, að hann hafi þann 26. febrúar 2019 sagt að hann hefði verið „að snúa sér við og ganga fram“ er hann hafi skallað steinsúlu, en slysið er reyndar sagt hafa átt sér stað hinn 5. febrúar, en ekki 7. febrúar. Þann 11. mars er bókað í sjúkraskrána að stefnandi hafi fengið þungt höfuðhögg 7. febrúar, er hann „gekk á og skallaði súlu“, svo og „var að snúa sér við og ganga fram, skallaði steinsúlu“. Þann 2. apríl er bókað í sjúkraskrána að stefnandi hafi verið „að snúa sér við og ganga rösklega áfram er hann lenti með ennið á steinsteyptri súlu og skallaði hana mjög harkalega“. Sama lýsing er skráð í sjúkraskrána 5. júní 2019.
- 64 Í læknisvottorði F, heila- og taugaskurðlæknis, dagsettu 5. júní 2019, segir að stefnandi hafi „gengið rösklega“ enda hafi hann verið að flýta sér. Svipaða lýsingu má finna í læknisvottorði heilsugæslunnar í Salahverfi, dags. 2. apríl 2019. Í læknisvottorði G, geðlæknis, dags. 27. september 2019, segir að stefnandi hafi sagst hafa „gengið hratt“ eftir salnum í greint sinn. Svipaða lýsingu má finna í göngudeildarnótu frá Landspítalanum, dags. 21. október 2019.
- 65 Hvergi er í framangreindum gögnum minnst á að stefnandi hafi komið skokkandi niður stigann og valhoppað áður en höfuð hans rakst í súluna. Þannig virðist vera ósamræmi í því sem segir í tilkynningu stefnanda til Sjúkratrygginga Íslands, annars vegar, og samtímagögnum er tengjast læknisskoðunum stefnanda, hins vegar. Dregur það enn frekar úr þýðingu þeirrar tilkynningar fyrir úrlausn málsins og styrkir að

sama skapi framburð stefnanda sjálfs og vitnisins B um það hvernig slys stefnanda bar að.

- 66 Að öllu framangreindu virtu, og þá ekki síst framburði vitnisins B, sem engin tengsl hefur við stefnanda eða stefnda svo að séð verði, verður að telja sannað að stefnandi hafi gengið með eðlilegum hætti á bak við afgreiðsluborðið, eftir atvikum rösklega, snúið sér við og gengið á umrædda súlu. Engin ástæða er til að draga framburð vitnisins B í efa, enda hefur hann engra hagsmuna að gæta í málinu, auk þess sem framburður B á sér stoð í staðfastri frásögn stefnanda allt aftur til 2019.

Lög og reglur sem við eiga

- 67 Samkvæmt 1. mgr. 42. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum skal vinnustaður þannig úr garði gerður, að þar sé gætt fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta. Samkvæmt 2. mgr. sömu greinar skal fylgja viðurkenndum stöðlum, ákvæðum laga og reglugerða, svo og fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins, að því er varðar aðbúnað, hollustuhætti og öryggi.
- 68 Samkvæmt 1. mgr. 43. gr. sömu laga setur ráðherra reglur um fyrirkomulag fastra vinnustaða og vinnustaða til bráðabirgða, innan húss og utan, þ.m.t. um húsnæði, svo sem vinnurými, veggi, lýsingu o.fl. Ráðherra hefur meðal annars sett reglur nr. 581/1995 um húsnæði vinnustaða. Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. reglnanna skal innréttá húsnæði vinnustaða þannig að þar sé sem öruggast og heilsusamlegast starfsumhverfi. Vinnurými skal skipulagt með hliðsjón af því starfi sem þar á að fara fram. Allar umferðarleiðir manna skulu vera greiðar og afmarkaðar, sbr. 2. mgr. 3. gr. reglnanna.
- 69 Í 8. gr. reglna nr. 581/1995 er fjallað um dagsbirtu og lýsingu á vinnustöðum. Samkvæmt 1. mgr. skal vera svo mikil dagsbirta sem kostur er á vinnustöðum. Vinnurými skulu einnig búin nægjanlegri raflýsingu til að tryggja öryggi og heilsu starfsmanna. Þar sem unnið er við dagsbirtu skal vinnurými þannig gert að hún dreifist sem best um rýmið og sem jafnast, sbr. 2. mgr. sömu greinar. Samkvæmt 4. mgr. 8. gr. skal við hönnun lýsingar höfð hliðsjón af viðurkenndum stöðlum um lýsingarmagn, varnir gegn ofbirtu og aðra þætti er varða öryggi og gott starfsumhverfi.
- 70 Umferðarleiðir skal staðsetja og útbúa þannig, að meðal annars fótgangendur megi nota þær vandkvæðalaust, með fullu öryggi og á þann hátt sem tilgangur þeirra segir til um og þannig að starfsmönnum, sem eru í vinnu í grennd við þær, stafi ekki hætta

- af, sbr. 1. mgr. 39. gr. reglna nr. 581/1995. Rými á umferðarleiðum fyrir fótgangendur skal vera í samræmi við fjölda hugsanlegra notenda og þá starfsemi sem stunduð er, sbr. 2. mgr. sömu greinar. Umferðarleiðir skulu greinilega merktar ef öryggi starfsmanna krefst þess vegna notkunar á herbergjum eða búnaði sem í þeim er, sbr. 4. mgr. 39. gr. reglnanna.
- 71 Samkvæmt 1. gr. reglna nr. 707/1995 um öryggis- og heilbrigðismerki á vinnustöðum gilda þær reglur um öryggis- og heilbrigðismerki á vinnustöðum sem áður nefnd lög nr. 46/1980 gilda um. Samkvæmt 3. gr. reglnanna skulu atvinnurekendur setja upp öryggis- og heilbrigðismerki samkvæmt reglum eða ganga úr skugga um að slík merki séu á stöðum þar sem hættu verður ekki umflúin, eða ekki er hægt að draga úr henni með almennum varúðarráðstöfunum, eða ráðstöfunum, aðferðum eða leiðum sem tengjast vinnufyrirkomulagi. Í grein 2.1.3 í I. viðauka við reglurnar er mælt fyrir um að staði, þar sem hættu er á árekstrum við hindranir eða hrap, skuli merkja varanlega með öryggislit og/eða skiltum.
- 72 Staðallinn ÍST EN 12464-1:2011, sem ber heitið „Light and lighting – Lighting of work places – Part 1: Indoor work places“, hefur verið staðfestur af Staðlaráði Íslands í samræmi við ákvæði laga nr. 36/2003 um staðla. Tók staðallinn gildi þann 15. október 2011. Samkvæmt 3. gr. laganna er staðall til frjálstra afnota. Stjórnvöld geta þó gert notkun tilgreinds staðals lögbundna með vísun til hans og hlutaðeigandi laga. Skal hann þá staðfestur með reglugerð af hlutaðeigandi ráðuneyti og skal í reglugerð vísað til staðalsins.
- 73 Ekki er að sjá að áður nefndur staðall, ÍST EN 12464-1:2011, hafi verið sérstaklega tekinn upp í þær reglur, sem vitnað er til hér að framan. Það er engu að síður mat dómsins að taka megi mið af staðlinum við sakarmat í málinu, enda hefur verið vísað til forvera hans í öðrum reglum, sem ekki eiga við hér, sbr. tilvísun til staðalsins ÍST EN 12464-1:2002, Ljós og lýsing – Lýsing á vinnustöðum, 1. hluti, í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 165/2011. Staðallinn ÍST EN 12464-1:2011 kemur í stað þess staðals.
- 74 Þótt reglugerð nr. 165/2011 eigi ekki við hér, þá má eigi að síður draga þá almennu ályktun af tilvísun í reglugerðinni til nefnds staðals, að efni staðalsins sé viðurkennt hér á landi. Að því virtu þykir dóminum rétt að hafa hann til hliðsjónar við sakarmatið, þ.á m. við mat á ljósi og lýsingu í afgreiðslurými stefnda.

Matsgerð dómkvadds matsmanns

- 75 Stefnandi aflaði undir rekstri málsins matsgerðar dómkvaddis matsmanns, sbr. ákvæði IX. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Var H, sviðstjóri tæknisviðs (rafdeildar) verkfræðistofunnar VSÓ ráðgjafar, dómkvaddur til að framkvæma matið á dómþingi í málinu þann 22. desember 2020. Skilaði hann matsgerð í febrúar 2021. Matsfundur og vettvangsskoðun áttu sér stað 8. febrúar 2021 og frekari skoðun á vettvangi þann 12. sama mánaðar.
- 76 Í matsgerð matsmannsins kemur fram að stórir gluggar séu á norðvestur hlið húsnæðis stefnda, sem hleypi inn dagsljósi. Á hinn bóginn segi í staðlinum ÍST EN 12464-1:2011, að dagsbirta sé mikilvæg heilsu og vellíðan starfsmanna og góð viðbót við raflýsingu, en hún dugi ekki ein og sér til þess að uppfylla ljóstæknilegar kröfur. Þá kemur fram að þegar mælingar hafi verið gerðar hafi verið heiðskýrt og bjart úti, sem þó hafi ekki dugað til að uppfylla kröfur um lágmarksbirtu.
- 77 Niðurstaða matsmannsins er sú, að nauðsynlegt hafi verið að meta svæðið þar sem súlan stendur í heild sinni og að svæðið hafi ekki uppfyllt kröfur ofangreinds staðals, þ.e. að lýsing í móttöku og verslunarrými stefnda, þar sem slysið varð, hafi ekki við skoðun staðist allar kröfur ÍST EN 12464-1:2011, sérstaklega varðandi birtu ($E_{\square,lx}$) og jafnleika (U_0).
- 78 Hinn dómkvaddi matsmaður kom fyrir dóm sem vitni, staðfesti þar matsgerð sína og svaraði spurningum sem til hans var beint. Það er mat dómsins að framangreind matsgerð sé faglega og vel unnin og því engin ástæða til að draga efni hennar eða niðurstöður í efa. Þá er ekki ástæða til að ætla að aðstæður hafi verið betri á slysdegi þann 7. febrúar 2019, heldur en á þeim degi sem dómkvaddur matsmaður vann mælingar sínar og mat, þannig að þýðingu geti haft við úrlausn þessa máls. Verða matsgerðin og niðurstöður hennar því lagðar til grundvallar dómi í málinu.

Sakarmatið

- 79 Stefnandi byggir mál sitt á því að hann hafi ekki séð umrædda súlu við þær aðstæður sem verið hafi á vinnustað hans er slysið varð. Vísar hann sérstaklega til staðsetningar súlunnar á miðju gólfi verslunarrýmis stefnda, svo og þess að súlan hafi fallið inn í umhverfið, frá stefnanda séð, þar sem hana hafi borið við vegg sem var á bak við súluna. Veggurinn hafi verið í gráum litum eins og súlan. Að mati dómsins teljast þessar skýringar stefnanda trúverðugar, þar sem meðal annars má sjá af myndum og enn betur við vettvangsgöngu, að súluna ber við steinsteyptan og samlitnan vegg á bak við súluna, séð frá því sjónarhorni sem stefnandi hafði er slysið varð.

- 80 Samkvæmt því liggur fyrir að umrædd súla féll, vegna staðsetningar sinnar og litar, inn í umhverfi sitt með þeim hætti að erfitt var að sjá hana frá ákveðnum sjónarhornum, þ.m.t. frá sjónarhorni stefnanda í umrætt sinn. Við vettvangsgöngu mátti einnig sjá að ljóskösturum hafði verið komið fyrir í lampastæði nærri umræddri súlu og var þeim beint að vegg á bak við afgreiðsluborð stefnda, en ekki að súlunni. Hefur það líkast til dregið úr ljósmagni nærri súlunni og dregið úr möguleikum stefnanda til að koma auga á hana. Þá má álykta að grár litur súlunnar geri það að verkum að endurkast ljóss verði minna en ef súlan hefði verið máluð í öðrum lit. Auðvelt hefði til að mynda verið að mála súluna í áberandi lit, svo að hún sæist betur, eða merkja hana þannig að minni hætta stafaði af henni.
- 81 Þegar allt framangreint er virt og hitt að súlan stóð frístandandi á miðju gólfi án nokkurra sérstakra merkinga eða aðvarana til þeirra, sem erindi áttu í verslunarrými stefnda, þ.á m. viðskiptavinir og starfsmenn stefnda, svo og að lýsingu og birtingu var ábótavant í rýminu samkvæmt matsgerð dómkvaddis matsmanns, þá verður að fallast á það með stefnanda að umbúnaði og frágangi í verslunarrými stefnda hafi verið ábótavant þann dag er umrætt slys varð, þannig að hættulegt teldist fyrir viðskiptavini og starfsmenn stefnda.
- 82 Er samkvæmt öllu framansögðu fallist á með stefnanda, að stefndi hafi vanrækt að tryggja stefnanda öruggt vinnuumhverfi, sbr. 1. og 2. mgr. 42. gr. laga nr. 46/1980 og 1. og 2. mgr. 3. gr., 1., 2. og 4. mgr. 8. gr. og 1. og 4. mgr. 39. gr. reglna nr. 581/1995 og 3. gr., sbr. grein 2.1.3 í I. viðauka við reglur nr. 707/1995.
- 83 Í málinu liggur frammi matsgerð D geðlæknis og E taugasálfræðings um læknisfræðilegar afleiðingar slyss stefnanda, dags. 13. febrúar 2020. Matsgerð þessari hefur ekki verið mótmælt af hálfu stefnda, en höfundar hennar voru ekki kallaðir fyrir dóm til að gefa skýrslu sem vitni við aðalmeðferð málsins. Hefur matsgerðin þar af leiðandi ekki verið staðfest fyrir dómi. Í matsgerðinni komast höfundar hennar meðal annars að þeirri niðurstöðu að beint orsakasamhengi sé á milli þeirra einkenna sem stefnandi hefur nú og vinnuslyssins þann 7. febrúar 2019.
- 84 Samkvæmt 1. mgr. 44. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála sker dómari úr því hverju sinni eftir mati á þeim gögnum sem hafa komið fram í máli hvort staðhæfing um umdeild atvik teljist sönnuð, enda bindi fyrirmæli laga hann ekki sérstaklega um mat í þessum efnum. Þótt telja verði að það dragi nokkuð úr þýðingu framangreindrar matsgerðar, að höfundar hennar hafa ekki komið fyrir dóm sem

vitni, til að staðfesta matsgerð sína og svara spurningum um hana, þá hefur ekkert komið fram í málinu sem hnekkir niðurstöðu matsmanna um að orsakatengsl séu á milli tjóns stefnanda og slyssins þann 7. febrúar 2019.

- 85 Að öllu framangreindu virtu verður að telja sannað, að skilyrðum sakarreglunnar um saknæmi og ólögmæti sé fullnægt eins hér stendur á. Þá verður einnig að telja sannað að orsakasamband sé á milli tjóns stefnanda og þess vanbúnaðar sem var á aðbúnaði í afgreiðslurými stefnda í greint sinn, svo og að tjónið sé sennileg afleiðing af þeim vanbúnaði, sem stefndi ber ábyrgð á. Skilyrði bótaskyldu teljast þannig uppfyllt að mati dómsins. Þá er því hafnað að um óhappatilvik hafi verið að ræða, eins og stefndi heldur fram.

Möguleg ábyrgð fasteignareiganda

- 86 Stefndi byggir mál sitt á því að umrædd súla sé ekki á hans ábyrgð heldur á ábyrgð eiganda fasteignarinnar. Honum sé hins vegar ekki stefnt í málinu, en stefndi leigi húsnæðið af honum. Dómurinn getur ekki fallist á að það leysi stefnda undan ábyrgð á slysi stefnanda, að hann sé aðeins leigutaki en ekki eigandi fasteignarinnar, eða það að fasteignareigandanum sé ekki stefnt í málinu.
- 87 Stefndi er atvinnurekandi í skilningi 12. gr. laga nr. 46/1980. Sem slíkum ber honum skylda til að tryggja að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustað, sbr. 1. mgr. 13. gr. sömu laga. Það fellur þar af leiðandi í hans hlut, að gæta þess að vinnustaður hans uppfylli þær kröfur sem gerðar eru í nefndri grein, svo og 42. og 43. gr. sömu laga og 1. og 2. mgr. 3. gr., 1., 2. og 4. mgr. 8. gr. og 1. og 4. mgr. 39. gr. reglna nr. 581/1995, svo og 3. gr. og grein 2.1.3 í I. viðauka við reglur nr. 707/1995.
- 88 Stefndi ber sömuleiðis ábyrgð á því ef vinnustaður hans uppfyllir ekki þær kröfur sem gerðar eru í framangreindum ákvæðum, svo og því ef slys verður af þeim sökum. Möguleg meðábyrgð fasteignareiganda hefur þar engin áhrif og leysir stefnda ekki undan þeim skyldum sem lagðar eru á hann samkvæmt nefndum ákvæðum laga og reglna. Þá breytir engu í þessu samhengi þótt fasteignareigandanum sé ekki stefnt í málinu.
- 89 Ekki verður hins vegar séð að stefndi gæti borið ábyrgð á því, ef rétt væri, ef húsnæði stefnda bryti með einhverjum hætti í bága við ákvæði byggingarreglugerðar, eftir atvikum núgildandi byggingarreglugerðar nr. 112/2012, eða fyrri

byggingarreglugerðar nr. 441/1998. Getur stefndi þar af leiðandi ekki borið ábyrgð á tjóni stefnanda á þeim forsendum.

Möguleg eigin sök eða meðábyrgð stefnanda

- 90 Stefndi byggir á því að tjón stefnanda megi rekja til aðgæsluleysis hans sjálfs. Stefndi vísar í því samhengi til þess að stefnandi hafi starfað hjá stefnda í um eitt ár fyrir slysið og því mátt vita af súlunni og staðsetningu hennar. Þá vísar stefndi til þess að stefnandi hafi valhoppað og snúið sér í hring skömmu áður en höfuð hans skall í súlunni, sem stefndi telur stórkostlegt gáleysi af hans hálfu, sbr. 23. gr. a í skaðabótalögum nr. 50/1993.
- 91 Stefndi telur samkvæmt því að um eigin sök sé að ræða, sem eigi að leiða til ábyrgðarleysis stefnda, eða að minnsta kosti til þess að ábyrgð á tjóni stefnanda verði skipt á milli stefnanda og stefnda. Þá hafnar stefndi því að undantekningarákvæði 2. mgr. 24. gr. skaðabótalaga eigi hér við, en það ákvæði beri að skýra þröngt.
- 92 Stefndi hefur mótmælt því að um eigin sök geti verið að ræða. Hann hefur sömuleiðis neitað að nokkuð hafi verið athugavert við göngulag hans í greint sinn, eða hátterni hans að öðru leyti. Sá framburður fær sem fyrr segir stoð í framburði vitnisins B. Þá hefur stefnandi vitnað til þess að vinnusvæði stefnanda hafi að mestu verið á efra svæði vinnustaðarins, en ekki í afgreiðslurýminu sjálfu.
- 93 Dómurinn hefur hér að framan komist að þeirri niðurstöðu að leggja beri framburð vitnisins B til grundvallar dómi í málinu, enda hafi hann engra hagsmuna að gæta. Samkvæmt honum var ekkert athugavert við göngulag stefnanda í greint sinn eða hegðun hans að öðru leyti. Í ljósi þess fellst dómurinn ekki á að slys stefnanda megi rekja til gáleysis hans sjálfs, hvað þá stórkostlegs gáleysis, jafnvel þótt hann hafi unnið hjá stefnda í um eitt ár fyrir slysið, sbr. 2. mgr. 23. gr. og 1. mgr. 23. gr. a skaðabótalaga nr. 50/1993. Reynir þar af leiðandi ekki á 24. gr. sömu laga.

Samanteknar niðurstöður

- 94 Fallist er á með stefnanda, að hann hafi lögvarða hagsmuni af því að fá skorið úr um tilvist réttinda sinna, með því að fá viðurkenningardóm um kröfur sínar, og að fullnægt sé áskilnaði 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 hvað það varðar.
- 95 Með hliðsjón af öllu því, sem rakið hefur verið hér að framan, og að virtum gögnum málsins, er það niðurstaða dómsins, að stefndi beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni, sem stefnandi varð fyrir er höfuð hans skall í súlu í afgreiðslurými stefnda þann 7. febrúar 2019. Er samkvæmt því fallist á kröfu stefnanda um að viðurkennd verði

- skaðabótaskylda stefnda vegna þess líkamstjóns sem stefnandi varð fyrir í umræddu slysi, eins og nánar greinir í dómsorði.
- 96 Eftir úrslitum málsins þykir rétt að stefndi greiði stefnanda 2.000.000 króna í málskostnað, sbr. 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991. Skal sú greiðsla renna í ríkissjóð, sbr. 4. mgr. 128. gr. sömu laga.
- 97 Stefnandi nýtur gjafsóknar í málinu samkvæmt gjafsóknarleyfi, útgefnu þann 20. janúar 2020. Skal allur gjafsóknarkostnaður málsins greiddur úr ríkissjóði, þ.m.t. málflutningsþóknun lögmanns stefnanda, sem þykir hæfilega ákveðin 2.000.000 króna, sbr. 2. mgr. 127. gr. laga nr. 91/1991 og til hliðsjónar úrskurð Landsréttar frá 10. apríl 2018, í máli nr. 288/2018.
- 98 Af hálfu stefnanda flutti málið Fjölur Vilhjálmsson lögmaður fyrir Steingrím Þormóðsson lögmann.
- 99 Af hálfu stefnda flutti málið Ólafur Lúther Einarsson lögmaður.
- 100 Jóhannes Rúnar Jóhannsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan sem dómsformaður, ásamt meðdómsmanninum Barböru Björnsdóttur héraðsdómara og Sigurði Grímssyni sem sérfróðum meðdómsmanni.

Dómsorð:

Viðurkennd er skaðabótaskylda stefnda, X, vegna þess líkamstjóns sem stefnandi, A, varð fyrir í vinnuslysi, þann 7. febrúar 2019.

Stefndi greiði stefnanda 2.000.000 króna í málskostnað, sem rennur í ríkissjóð.

Allur gjafsóknarkostnaður málsins, þ.m.t. málflutningsþóknun lögmanns stefnanda, að fjárhæð 2.000.000 króna, greiðist úr ríkissjóði.

Jóhannes Rúnar Jóhannsson

Barbara Björnsdóttir

Sigurður Grímsson